



# DEILISKIPULAG LEIKSKÓLA VIÐ BYGGÐAVEG



TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI  
Mkv. 1:1000



NÚVERANDI ÁSTAND  
Mkv. 1:1500

## GREINARGERÐ OG SKILMÁLAR

### Inngangur, forsendur og skipulagsleg staða

Deiliskipulagssvæðið er norðan við Byggðaveg á svæði fyrir þjónustustofnanir, sbr. breytingu á Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024 sem samþykkt var samhliða. Svæðið er án deiliskipulags. Deiliskipulag Lækjamóta og umhverfis, samþykkt 21. maí 2003 m.s.br. liggur að svæðinu sunnan til.

Lækjamóta- og Hólaverfi, nýjstu hverfin innan Byggðavegar eru að verða fullbyggð og samhliða því er þörf á nýjum leikskóla.

### Afmörkun skipulagssvæðis og staðhættir

Deiliskipulagssvæðið er um 1 ha að stærð og er norðan við Byggðavegi og austan aðkomuvegar að Byggðavegi 3. Norðan og austan svæðisins er opið svæði til sérstakra nota þar sem samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir almennum útivistarsvæðum og skógrækt.

Skipulagsmörk deiliskipulagsins ná suður fyrir Byggðaveg á kafa við gatnamót að Lækjamótum þar sem gert er ráð fyrir hringtorgi. Gerð verður breyting á skipulagsmörkum deiliskipulags Lækjamóta til samræmis.

Staðsetning nýs leikskóli við Byggðarveg liggur vel að Lækjamóta- og Hólaverfi og Byggðavegur tryggir jafnframt góða tengingu við fyrirhugaða íbúðarbyggð samkvæmt aðalskipulagi.

### Markmið

- Að móta hagræmt svæði fyrir leikskóla með áherslu á gott og öruggt aðgengi.
- Að draga úr neikvæðum áhrifum veðurálags með skjólmyndun.
- Að fyrirhugaður leikskóli nýti kosti sem felast í nærliggjandi náttúru- og útivistarsvæðum.

### Skipulagsskilmálar

#### Aðkoma

Aðkoma að lóð er frá nýju hringtorgi við gatnamót Byggðavegar og Lækjamóta og frá stígum sem þvera Byggðaveg. Tryggja þarf öruggar gönguleiðir frá núverandi stígakerfi að leikskóla með göngubæturum yfir Byggðaveg og veggðönnun sem stuðlar að öruggum umferðarháða í grennd við leikskólann.

Staðsetning gangbrauta yfir Byggðaveg er sýnd til skýringar og verður útfærð nánar við verkhönnun hringtorgs.

Huga skal að góðum tengslum leikskólalóðar við aðliggjandi náttúru- og útivistarsvæða svo nýta megj þau sem best í skólasterfinu.

#### Lóð og bygging

Stærð lóðar er 8.200 m<sup>2</sup>.

Heimilt er að byggja á lóðinni allt að 1.100 m<sup>2</sup> byggingu á einni hæð. Hámarkshæð er 5 m frá gólfplötu.

Við leikskólann skal gera ráð fyrir aðstöðu fyrir reiðhjól, hjólavagna, barnavagna, hjólastóla, sleða o.þ.h. og geymslu þeirra í samræmi við eðli byggingarinnar. Gert er ráð fyrir allt að 30 bílastæðum, þar af skulu þrjú vera fyrir hreyfihamlaða.

### Hönnun húss og lóðar

Leikskólabyggingu skal hanna á grundvelli algildrar hönnunar og tryggja gott aðgengi allra, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar.

Þakform, efnisval og útlit byggingar er frjálst, en vanda skal til hönnunar húss og lóðar með vandaða byggingarlist og fallega ámynd að leiðarljósi.

Við gerð og hönnun bygginga skulu valin efni og aðferðir er henta við íslenskar aðstæður, leitast við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif, velja vistvænar lausnir þar sem það er mögulegt og miða hönnunina við allan líftíma þeirra. Leitast skal við að lágmarka auðindanotkun og hámarka notagildi, hagræmni og þægindi notenda.


Við lóðhönnun skal útfæra skjólgóð nými og leiksvæði með trjágrótri og landmótun. Frágangur lóða skal koma fram á aðaluppdrætti.

### Umhverfisáhrif deiliskipulags

Uppbygging leikskóla mun hafa í för með sér jarðbrask og áhrif á náttúru og lífríki. Vistgerðir á framkvæmdasvæðinu teljast hafa lágt verndargildi. Með hlóðsjón af umfangi deiliskipulagssvæðisins eru áhrif skipulagsins á varpsvæði silamáfa metin óveruleg. Áhrif á náttúru- og lífríki eru talin óveruleg neikvæð.

Starfsemi leikskólans er talin hafa lítil áhrif á umferðarálag á Byggðavegi og áhrif deiliskipulagsins á hjóðvist eru metin engin eða óveruleg.

Uppbygging norðan við Byggðaveg á svæði sem nú er mannvirkja mun hafa áhrif á ámynd svæðisins. Með tilliti til umfangs og hæðar byggingar og skilmála um vandaða hönnun byggingar og lóðar eru áhrif deiliskipulagsins á ámynd metin óveruleg.



Úr Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024. - Ekki í mælikvarða

### SKÝRINGAR:

- Mörk skipulagssvæðis
- - - Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Gangbraut / hraðahindrun

### Samþykkt og staðfesting

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá \_\_\_\_ til \_\_\_\_ var samþykkt í bæjarstjórn/sveitarstjórn þann \_\_\_\_ 20\_\_.

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_ 2\_\_.

Kortagrunnar: Landmótun  
Hnitakerfi: [ISN93]

Kvarði: 1:1000 (A1)

Útg. Dags. Tíðni Skipulag

**VSÓ RÁÐGJÖF**

Teikning: 20212\_SK-D-T-01 Dagsetning: 16.06.2020

Skipulag: SP/HTT

Yfirfarið: HTT

**SUÐURNESJABÆR**

SÍMI: 425 3000

